

Áskorun til sjálfstæðra kvenna (greini í Degi 23. júlí 1996)

Það var kvöld eitt fyrir skömmu, að ég var í þann mund að hreiðra um mig í „værukæra vini“ (lazy boy) mínum. Um leið og ég teygði mig eftir kaffinu (kolsvörtum Rúbín) blasti við á skjánum dýrðleg sjón. Viti menn – faðir að styðja stúlkubarnið sitt fyrstu skrefin á lífsleiðinni. Ég kom engum vörnum við. Auglýsingin vermdi mér umsvifalaust um hjartarætur, þó mér takist venjulega að útiloka að mestu skjáauglýsingasíbyljuna. Og sérstaklega síbyljuna um aumingja föðurlausu börnin með vísindalega hannaðar bleiur í klofinu. En til að allrar sanngirni sé nú gætt, nefni ég til sögunnar óvæntan liðsmann okkar í jafnréttisbaráttunni – Kaffibrennslu Akureyrar. Hún heldur á lofti í auglýsingum sínum með aðdáunarverðum hætti ímynd hins umhyggjusama föður. En að öllum hálfkæringi slepptum. Ég lýk lofsorði á ykkur, Sjálfstæðar konur. Reynar vissi ég ekki af tilvist ykkar, fyrr en ég las Morgunblaðið þann 6. júlí síðastliðinn, þar sem Auður Finnbogadóttir leiðir mig í allan sannleika um ykkar ágæta starf. Nú blása greinilega ferskir vindar um sali staðnaðrar mannréttindabaráttu. Þið eru hressandi baráttusystur. Enda þótt færa megri rök fyrir stöðnun í mannréttindabaráttu kynjanna, hefur þó eitt og annað áunnist. Til dæmis höfum við eignast góð lög sem baráttutæki, þó nauðsynlegt sé að sníða af þeim vissa agnúa. Því miður bregður mjög til beggja vona með framkvæmd laganna. Öllum er væntanlega kunnugt um, hversu treglega gengur að jafn launamun kynjanna, en það er á fæstra vitorði, hversu hróplegt er óréttlætið í forsjármálum. En áður en lengra er haldið, langar mig að segja ykkur litla forsjársögu úr fortíðinni til að varpa betra ljósi á rétt karla og kvenna.

Fyrir aldarfjórðungi og ári betur leit dagsins ljós í henni Reykjavík undurfagurt stúlkubarn. Ungir foreldrar hennar höfðu þá slitið trúlofun sinni, án þess að vita um, hvað í vændum væri. Þegar ljóst þótti, að ekki tækjust sættir um, hvernig foreldraskyldu yrði gegnt sökum fordóma og fjandskapar foreldra hinnar verðandi móður, fór ungi maðurinn á stjá til að leita réttar síns. Rétturinn var enginn í raun og öll sund virtust lokuð. „Þú er bara sæðisgjafi,“ bar boðskapur „kerfisins.“ Með hjálp góðs lögfræðings var þó höfðað mál á hendur móðurinni og krafist viðkenningar faðernis, en meira að segja sú ósk að fá að vera löglegur faðir og greiða hlut í framfærslu, var hundsud í þessum hatursfulla hráskinnsleik. Svo fóru leikar, að dómssátt náðist og faðirinn ungi fékk blað upp á vasann, þar sem staðfest var, að hann væri faðir stúlkublómsins. Öll umgengni við barnið var honum meinuð. En „kerfið“ lék á hann engu að síður. Nokkrum árum síðar, þegar faðirinn ungi var í námi í útlöndum, var dóttirin ættleidd. Föðurnafnið var frá henni tekið. Aðgerð þessi var ólögleg af hálfu Dómsmálaráðuneytisins, því umsókn um ættleiðingu skyldi borin undir hið forsjárlausa foreldri. Það var aldrei gert. Svona var lífið í þá daga. En skyldi það í raun vera öðruvísi í dag? Hafa ný og góð lög einhverju breytt? Í þeirri viðleitni að leita svara held ég áfram að segja sögur. Nema í þetta sinn er það opinbera saga um þúsundir íslenskra foreldra í forsjárdeilum.

Hinn ágæti umboðsmaður barna fór þess á leit við Dómsmálaráðuneytið, að m.a. yrðu teknar saman tölur um lyktir forsjármála hjá hinu opinbera. Í jafnréttis- og mannréttindaljósi eru þær skuggalegar (sbr. grein mína í Degi 11. júlí). Einungis sex feður af hverjum hundrað (sem ekki öðlast sameiginlega forsjá barna með móðurinni) fá forsjá barna sinna fyrir milligöngu sýslumannsembættanna. Dómsmálaráðuneyti og héraðsdómstólar telja aftur á móti u.þ.b.

fimmtung fedra í forsjárdeilu hæfari en mæðurnar til að búa börnum sínum góð
uppvaxtarskilyrði.

Því er það, góðu baráttusystir, að ég skora á ykkur að beina sjónum og kröftum að þessari hlið
mannréttindabaráttunnar einnig, konum og körlum til góðs og ekki síst litlum drengjum og
stúlkum, sem þurfa föðurstuðning til að fóta sig í lífinu.